

SVEITAPÓSTURINN



MS fréttir til bænda 4. tbl. 3. árg. apríl 2007

Leiðari forstjóra

Nýtt nafn og merki

Á aðalfundi félagsins þann 16. mars síðastliðinn var samþykkt að breyta nafni þess úr MS/Auðhumla í Auðhumla. Eins og kom fram á deildafundum okkar í febrúar og mars var það samdóma álit þeirra sem best til þekkja að mjög óæskilegt væri að nota MS nafnið á tveimur félögum. MS er okkar vörumerki sem íslenskir neytendur hafa í hávegum. MS fylgir því Mjólkursamsölu og öllu því er lýtur að mjólkurvinnslu og markaðsfærslu mjólkurafurða.



Í ljósi þess var því ákveðið að breyta nafni MS/Auðhumla í Auðhumla sem ég tel mjög góðan kost. Á árum áður notaði Mjólkursamsalan nafnið Auðhumla sem vörumerki fyrir niðursoðna mjólk. Þá er uppruni nafnsins ævagamall en í norrænni goðafræði er Auðhumla frumkýrin. Hún varð til þegar frost **Niflheims** blandaðist eldum **Múspelsheims** í **ginnungagapi**. Jötunninn **Ýmir** varð einnig til þegar þetta gerðist. Auðhumla nærði **Ými** lengst af með mjólk sinni, en það runnu fjórar mjólkurár úr spenum hennar. Auðhumla nærðist á hrímsteinum og sleikti þá til að fá næringu. Einn daginn er hún var að sleikja hrímsteinana birtist hár manns, þann næsta höfuð manns og að lokum, þriðja daginn, birtist maðurinn allur. Maðurinn var kallaður **Búri**.

Mjólkursamsalan

Rekstur Mjólkursamsölu hefur gengið ágætlega. Það er mikið átak þegar mörg félög eru sameinuð eins og gert var í tilfalli Mjólkursamsölu í byrjun ársins en við eigum því láni að fagna að eiga frábært starfsfólk sem hefur lagt mikið á sig til að sem best gengi að sameina félögin.

Í byrjun lögðum við mesta áherslu á að sameina sölu- og markaðsstarf félagsins á þann hátt að engir hnökror yrðu á þeirri starfsemi. Ég tel að vel hafi tekist til við þetta vandasama verkefni. Söluþölur fyrstu þrjú mánuði ársins lofa góðu en þannig hefur ferskvörusalan aukist um tæpt eitt prósent á meðan að sala á osti og viðbiti hefur aukist um rúm 5% m.v. sama tíma í fyrra. Þessi glæsilegi árangur er góður vitnisburður um það hversu vel hefur tekist til varðandi sameiningu á söludeildum félaganna.

Annað stórt verkefni sem er okkur mikilvægt er innleiðing á nýju tölvakerfi. Tekin var ákvörðun um að innleiða Navision kerfi sem byggir á því kerfi sem Osta- og smjörsalan hefur notað undanfarin ár. Búið er að innleiða fjárhagshluta kerfisins og í framhaldinu verða svo innleiddir aðrir kerfishlutar á borð við sölu- og dreifingu, framleiðslukerfi o.s.frv. Nýtt tölvakerfi gefur okkur enn betri upplýsingar um reksturinn og gerir þannig alla stjórnun í félaginu markvissari.

Útflutningsmál

Útflutningur til Whole Foods í Bandaríkjunum er að aukast nokkuð þessar vikurnar í kjölfar þess að við bættum við ríflega 50 verslunum á Boston og New York svæðinu eins og fram hefur komið í fréttum. Samhliða þessu erum við að skoða möguleika á útflutningi til Evrópu í kjölfar þess að Íslandi hefur verið úthlutað tollfrjálsum 350 tonna smjörkvóta og 380 tonna skyrkvóta inn í Evrópusambandið. Það er spennandi að skoða hvaða möguleika við eigum í Evrópu. Þar horfum við sérstaklega til Bretlands en þar í landi er mikil hollustuvakning og áhugi fyrir lífstílsafurðum. Skyrið er nánast fullkomin lífstílsafurð. Próteininnihaldið er hátt og varan er nánast fitusnauð. Þá skiptir máli að bjóða upp á afurðir sem henta til neyslu „á hlaupum“ á borð við skyrdrykkina. Það verður spennandi að sjá hvernig okkur tekst til með breska markaðinn á næstu mánuðum.

Bestu kveðjur

Myndir hér að neðan eru frá aðalfundinum að Flúðum 16. mars sl.



Útgefandi MS



Ábyrgðarmaður:
Guðbrandur Sigurðsson

Ritstjóri:
Páll Svavarsson, palls@ms.is

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst MS á opnum vettvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra þess, Guðbrandi Sigurðssyni, í síma 569 2200.

Áframhaldandi góð sala á mjólkurvörum og ostum það sem af er árinu



Sala á mjólkurvörum, ostum og viðbiti á tímabilinu janúar – mars er í takt við söluáætlanir ársins. Heildarverðmæti sölnnar á tímabilinu er um 3,5 milljarðar.

Mjög ánægjuleg söluþróun hefur verið á tímabilinu í ostum og viðbiti. Selt magn eykst um 6,5% á tímabilinu eða um 99,4 tonn. Sala á smjöri eykst um 17,9 tonn eða tæp 18%. Ostasala eykst um 65,5 tonn eða 6%. Söluaukning í ostakökum er 38,2% eða sem svarar 4,6 tonnum á tímabilinu. Söluaukning í verðmætum á tímabilinu er 72,7 milljónir.

Heildarsala á mjólkurvörum óx um 0,78% eða 92.400 ltr. Áframhald er á góðri söluaukningu á kókómjólki þrátt fyrir samkeppni frá Vífilfelli í sölu kókómjólkur. Söluaukning á tímabilinu er 12%. Mjólkurréttir aukast í sölu um 6% eða 135.000 ltr. Sala á heilsuvörum jókst um 17,8% í magni eða 142.000 ltr. Flokkar í samdrætti voru bragðbætt mjólk en þar var 10,2% magnsamdráttur á árinu eða 137.000 ltr. Svipuð þróun er í sölu á drykkjarmjólk og á síðasta ári, en samdráttur í sölu hennar er um 1% eða 82.000 ltr.

Yfirlit yfir frumutölu frá Rannsóknarstofu mjólkuriðnaðarins Tímabil: janúar-des. 2006

Samlag	Faldmeðaltal (í þús.)	Fjöldi sýna	Hlutfall (%) sýna á tímabilinu			
			0-220	221-400	401-600	Yfir 600
101 MS Reykjavík	243	4.903	38,41	51,29	8,93	1,37
103 MS Búðardal	219	2.933	45,84	44,44	8,19	1,54
105 MS Ísafirði	263	573	37,01	54,09	8,19	0,71
107 MS Blönduósi	231	1.488	45,52	45,05	8,15	1,28
108 Ms Sauðárkróki	260	2.825	32,35	54,85	11,38	1,43
109 MS Akureyri	222	8.282	45,81	48,26	5,38	0,56
113 MS Egilsstöðum	223	1.612	40,38	49,18	8,99	1,45
117 MS Selfossi	239	13.099	39,92	51,31	7,93	0,84
Allt landið	235	35.715	41,18	50,00	7,83	0,99

Yfirlit yfir líftölu frá Rannsóknarstofu mjólkuriðnaðarins Tímabil: janúar-des. 2006

Samlag	Faldmeðaltal (í þús.)	Fjöldi sýna	Hlutfall (%) sýna á tímabilinu						
			0-40	41-75	76-400	0-400	401-600	601-3000	Yfir 3000
101 MS Reykjavík	17	4.903	87,76	7,63	3,92	99,31	0,37	0,24	0,08
103 MS Búðardal	18	2.933	84,79	8,76	5,15	98,70	0,34	0,72	0,24
105 MS Ísafirði	25	573	76,27	9,59	11,17	97,03	1,22	1,40	0,35
107 MS Blönduósi	14	1.488	93,41	4,77	1,55	99,73	0,07	0,20	0,00
108 Ms Sauðárkróki	20	2.825	84,35	9,76	5,28	99,39	0,14	0,43	0,04
109 MS Akureyri	13	8.282	92,89	4,41	2,32	99,62	0,16	0,16	0,06
113 MS Egilsstöðum	21	1.612	83,31	10,42	5,46	99,19	0,37	0,37	0,06
117 MS Selfossi	15	13.099	89,36	6,03	4,00	99,39	0,20	0,35	0,05
Allt landið	16	35.715	88,86	6,61	3,87	99,34	0,24	0,34	0,08

Punktur frá aðalfundi MS/Auðhumlu að Flúðum

Magnús H. Sigurðsson stjórnarformaður sagði m.a. að menn þyrftu skýra framtíðarsýn, afkoma mjólkurframleiðenda þyrfti að vera viðunandi, sem stærstur hluti afurðaverðs þurfi að koma úr mjólkurverði og draga þyrfti úr framleiðslu- og flutningskostnaði. Magnús þakkaði félögum sínum í stjórn og öðrum gott samstarf á undanförunum árum. Hann sagðist ekki gefa kost á sér í stjórn Auðhumlu en verða áfram í stjórn MS og SAM og vænti góðs samstarfs við stjórn áfram.

Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri bauð nýja félagi sérstaklega velkomna að norðan og vestan. Hann sagði íslenskan mjólkuriðnað standa á krossgötum. Sátt var um mikilvægar skipulagsbreytingar á síðasta ári, iðnaðurinn sameinaðist um nýtt fyrirtæki Mjólkursamsöluna ehf., eitt stærsta matvælaframtækni landsins. Aukin hagræðing er í skrifstofuhaldi, sölu- og markaðsstarf er verið að sameina, síðan verður dreifing sameinuð. Í framleiðslu verður reynt að sérhæfa búin og draga úr framleiðslukostnaði. Helstu verkefni Auðhumlu svf. verða fasteignarekstur, félagsleg starfsemi og ávöxtun fjármagns.

Nýir félagar, Norðlendingar austan Tröllaskaga og Ísfirðingar voru boðnir velkomnir og menn lýstu ánægju með þessar miklu skipulagsbreytingar.

Þeir sem ekki gáfu kost á sér í stjórn auk Magnúsar H. Sigurðssonar, Birtingaholti voru Bjarni Jónsson, Selalæk, Helgi Bergþórsson, Eystra Súlunesi og Guðmundur Þorsteinsson, Skálpastöðum.

Kosningu í stjórn Auðhumlu svf. hlutu eftirtaldir: Egill Sigurðsson, Berustöðum, Birna Þorsteinsdóttir, Reykjum, Erlingur Teitsson, Brún, Haraldur Þórarinnsson, Laugardælum, Stefán Magnússon, Fagraskógi, Guðrún Sigurjónsdóttir, Glitstöðum og Hörður Grímsson, Tindum.

Kosningu í varastjórn hlutu eftirtaldir: Pétur Diðriksson, Helgavatni, Arnar Bjarni Eiríksson, Gunnbjarnarholti og Jóhannes Torfason, Torfalæk II.

Skoðunarmaður til tveggja ára var kosinn Elvar Eyvindsson, Skíðbakka og til vara Oddur Gunnarsson, Dagverðareyri.

Endurskoðandi var kosinn Benóní Torfi Eggertsson.

Bjarni Jónsson, Selalæk þakkaði góð kynni og gott og langt samstarf í stjórn. Óskaði stjórn velfarnaðar í vandasömum störfum sem framundan eru.

Guðmundur Þorsteinsson, Skálpastöðum sagði um 40 ár síðan hann kom fyrst á fundi Mjólkursamsölnnar fyrri. Þetta hafi verið gefandi tími og miklar breytingar og nú væri tímabært að draga sig í hlé. Telur hægt að horfa björtum augum til framtíðar, þessi félagsskapur býr yfir miklum endurnýjunarþrótti. Hverfur úr trúnaðarstörfum í þessu félagi bæði þakklátur og sáttur.

Helgi Bergþórsson, Eystra Súlunesi óskaði nýkjörinni stjórn velfarnaðar í starfi og fyrirtækinu velfarnaðar í framtíðinni.

Samþykktar tillögur:

1. Samruni MS/Auðhumlu svf. og Mjólkursamlags Ísfirðinga svf.

2. Félagið heitir Auðhumla svf. Heimili félagsins og varnarþing er að Bitruhálsi 1, Reykjavík

Fernuflug

Þriðja Fernuflugið flýgur nú út til neytenda – 64 verðlaunatextar prentaðir í 600 þúsund eintökum.

Í maí 2006 valdi dómnefnd 64 verðlaunatexta úr rúmlega 2.500 innsendingum sem bárust í Fernuflugi sem var samkeppni um nýja texta á mjólkurfernur. Fernuflugið snerist að þessu sinni um ljóða- og örsagnagerð. Keppendur áttu að svara spurningunni Hvað er að vera ég? í 60 – 100 orðum og máttu velja um hvort þeir gerðu það í bundnu eða óbundnu máli. Sigurtextarnir streyma nú út til neytenda og munu birtast á um 40 milljónum mjólkurferna yfir tveggja ára tímabil. Segja má að með þessu móti útvegi Mjólkursamsalan neytendum stöðugt bæði andlega og líkamlega næringu á fernum. Gera má ráð fyrir að hver texti birtist á um 600 þúsund nýmjólkur- og léttmjólkurfernum. Væntanlega verður næsta fernuflug á umbúðum Mjólkursamsölnnar um land allt.

Gott að muna:

Nýtt símanúmer hjá RM:
569-1680

Bændavefur:

Ólafur Steinason hefur umsjón með Bændavefnum,
sími 569-2260,
netfang: ost@ms.is

Nýlega hófst sala á léttum ab-drykk með epla- og gulrótabragði. Léttur ab-drykkur í dós kom fyrst á



markað í apríl 2006 og hefur frá upphafi verið vinsæll hjá neytendum. Nýja bragðtegundin er án viðbættis sykurs og verður góð viðbót við flokkinn. Líkt og aðrir drykkir í flokknum hefur hann lágt fituinnihald eða einungis 1,4%. Líkt og aðrar ab vorur inniheldur ab drykkur hina heilnæmu og náttúrulega a-mjólkursýrugerla (Lactobacillus acidophilus) og b-gerla (Bifidobacterium bifidum) sem bæta meltinguna og styrkja um leið varnir líkamans.

Hvað er að vera ég ?



Gott að muna:

Ef kæliferrillinn rofnar hafið samband við mjólkurefirlitsmann eða mjólkursamlag. Ekki senda mjólkina án skoðunar í samlag.

Munið að hreinsa sigti við vatnsinntök þvottavéla reglulega.

Ræsið aldrei kælivél við mjólkurtank áður en mjólk er komin í hann.

Greiðslumark/lánamál

eru hjá Gardari Eiríkssyni, sem hefur nú aðsetur á Bitruhálsinum, hjá MS í Reykjavík. Síminn hjá honum er 569 2206, netfang: gardare@ms.is

Tæki fyrir framleiðendur til mælinga á lyfjaleifum



Ákveðið hefur verið að bjóða mjólkurframleiðendum að kaupa þennan búnað á mjög hagstæðu verði, kr. 8.000 án vsk. Þeim sem hafa áhugaá þessu tæki er bent á að hafa samband við viðkomandi mjólkurbússtjóra/framleiðslustjóra, þar sem hægt er að fá nánari upplýsingar. Einnig er hægt að hafa samband við Jón K. Baldursson s: 569 2220 og jonkb@ms.is. Í þessum búnaði er hægt að mæla mjólk úr einstökum spenum, kúm eða úr mjólkurtanki. Frestur fyrir pantanir hefur verið framlengdur til 23. apríl.

SAM/OSS/Mjólkursamsalan

Með stofnun Mjólkursamsölunnar ehf. flyst verulegur hluti þeirra verkefna, sem áður voru í umsjón Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, til Mjólkursamsölunnar ehf. Starfsmenn SAM til margra ára þeir Pálmi Vilhjálmsson frkv.stj. og Jón K. Baldursson hafa frá áramótum tekið við störfum hjá Mjólkursamsölnni ehf., eins og áður hefur verið kynnt. Bjarni R. Brynjólfsson verður áfram starfsmaður samtakanna, en frá og með 1. janúar sl. gegnir Magnús Ólafsson framkvæmdastjórastöðu SAM í hlutastarfi.

Eins er með Osta- & smjörsöluna, skrifstofuhald hefur þegar verið sameinað, sölu- og markaðssvið er verið að sameina. Enn um sinn verður ostopökkunin og lagerhald og afgreiðsla í Osta- & smjörsöluhúsinu að Bitruhálsi 2. Öflugt sameinað sölu- og markaðssvið undir stjórn Jóns Axels Péturssonar er orðið að veruleika.

Magnús Ólafsson fv. forstjóri OSS tók við stöðu aðstoðarforstjóra Mjólkursamsölunnar um sl. áramót, en Magnús er þekktur í íslenskum mjólkuriðnaði.

Pálmi Vilhjálmsson varð framkvæmdastjóri framleiðslusviðs Mjólkursamsölunnar, sem mjólkurbúin tilheyra, um síðustu áramót. Pálmi er mjólkurverkfræðingur frá landbúnaðarháskólanum á Ási í Noregi og hefur verið framkvæmdastjóri SAM undanfarin ár og hefur í því starfi sinnt viðamiklum verkefnum fyrir iðnaðinn og mjólkurframleiðsluna í heild.

Markaðsnefnd mjólkuriðnaðarins

Markaðsnefndin starfaði með sama hætti og undangengin ár. Aðalverkefnið voru varðandi sölu- og markaðsmál mjólkuriðnaðarins. Síðustu mánuði ársins vann nefndin við að endurskipuleggja starfemina í takt við þær breytingar sem eru að verða í íslenskum mjólkuriðnaði. Þau mál sem unnið var að voru m.a. vörusýningin MATUR 2006, en þar var nefndin framkvæmdaraðili fyrir allan mjólkuriðnaðinn. Sýningin var haldin í Fífunni í Kópavogi, dagana 30. mars til 3. apríl. Sýningin tókst vel.

Nefndin er skipuð þremur fulltrúum frá SAM og einum sem tilnefndur var af Landssambandi kúabænda.

Í nefndinni eru: Magnús Ólafsson, formaður nefndarinnar, Baldur Helgi Benjamínsson, Baldur Jónsson og Björn S. Gunnarsson.

Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2006-2007

MS september-mars:	2006-2007	2005-2006	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	68.241.206	61.893.410	6.347.796	10,26%
Greiðslumark	116.000.000	111.000.000	5.000.000	4,50%
Nýting greiðslumarks	58,83%	55,76%		

MS janúar-mars:	2007	2006	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	31.411.322	28.996.179	2.415.143	8,33%

Vikuinnlegg síðustu 5 vikurnar:

MS síðustu 5 vikur:	2007	2006	Mismunur	Hlutfall
10	2.503.626	2.304.027	199.599	8,66%
11	2.514.583	2.320.613	193.970	8,36%
12	2.519.522	2.316.119	203.403	8,78%
13	2.526.059	2.325.248	200.811	8,64%
14	2.544.641	2.337.406	207.235	8,87%
Samtals:	12.608.431	11.603.413	1.005.018	8,66%